



Iceland
STAÐARBERGI

FLATAHRAUN 1



70m² 29,9 millj. kr.

Falleg íbúð á 4. hæð í lyftufölbyli á góðum stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Íbúðin er 70,2 m² með geymslu, auk staðis í bilageymslu.

EINBÝLI RAÐHÚS EÐA PARHÚS ÓSKAST Í ÁSLANDI

Erum með kaupanda af einbýli, rað- eða parhúsi í Áslandi 1 eða 2. Fjársterkur kaupandi.

SLÉTTAHRAUN 21



OPÍÐ HÚS föstudaginn
16. febrúar kl. 12.15-12.45
59 m² 27,9 millj. kr.

Mjög falleg 2ja herb. íbúð á 3ju hæð (efstu). Íbúðin er nokkuð endurnýjuð á sl. árum. Hús klætt að utan og því viðhaldslétt. Góð staðsetning.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is


Stofnuð 1983

Skóðuðu tertúirvalið á kokulist.is



Jón Arinsson
KÖKULIST

Kökulist verslunarmiðstöðinni Ferð Hafnarfirði
Kökulist Hólavágs 17 Reykjavík
Kökulist Bessu 2 Garðabæ
Kökulist í Kópavogi 555 66 55



Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is | facebook.com/vonmathus

MATHÚS BAR
VON

I.500 milljóna króna lántaka Hafnarfjarðar

Bærinn tekur 600 milljóna kr. lán í 14 daga

Vegna uppgjors bæjarins við Brú lífeyrissjóð samþykkti bæjarstjórn að taka 1.500 milljóna kr. lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Er þetta eins

milljarðs kr. lán til 16 ára, 406 millj. kr. lán til 15 ára og 94 millj. kr. lán til 15 ára sem Hafnarfjarðarhöfn tekur með ábyrgð bæjarins. Þar að auki

veitti bæjarstjórn heimild til að taka allt að 600 milljóna kr. lán með 4,75% óverðtryggðum vöxtum frá 14.-28. febrúar vegna uppgjors við Brú.



Lýsm. Guðni Glaason

Leikskólabörn heimsóttu Tónlistarskólann nýlega. Sjá nánar á www.fjardarfrettir.is



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN
Dalshrauni 5
Opíð kl. 8-17 virka daga

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



sími
842
2217

HELGAFELL
FASTEIGNASALA

BUXNADAGAR
20% afsláttur

VINNUFATABÚÐIN, S: 551-5425



/Vinnufatabudin

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

FH Íslandsmeistari öldunga

Sigraði með yfirburðum í karla- og kvennaflokki í frjálsum íþróttum

Öldungamótið í frjálsum íþróttum öldunga var haldið í Laugardalshöll um helgina og voru keppendur 63 frá 19 félögum. Elsti keppandinn var 89 ára en hann keppti í kúluvarpi. Meðalaldur keppanda var hins vegar rúm 53 ár.

24 ÍSLANDSMEISTARATITLAR EINSTAKLINGA

FH átti 16 keppendur á mótinu á aldrinum 37-72 ára og stóðu þeir sig gríðarlega vel og náðu 24 gullverðlaunum, 19 silfurverðlaunum og 11 bronsverðlaunum. Samtals 54 verðlaunapeningar en næst komu ÍR-ingar með 13 verðlaunapeninga.

FH sigraði í heildarkeppni kvenna með 75 stig og í karlakeppninni með 218 stig. Samanlegt sigraði FH því með 293 stig. Ármann varð í öðru sæti með 80 stig og ÍR í þriðja sæti með 76 stig.

Keppt var í 60 til 3.000 m hlaupagreinum, langstökki, þristökki, kúluvarpi, hástökki og stangarstökki. Sjá nánar á www.fjardarfrettir.is og fjölmargar myndir á Facebook síðu Fjarðarfrétta.



Ljóm: Fjardarfrettir

leiðarinn



Borgarlína og hraðlest á milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar eru ofarlega í umræðunni þessa daga. Þó framboðsmál í Hafnarfirði séu mjög stutt á veg kominn eru frambjóðendur annars staðar farnir að tala um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu og segjast jafnvel vera komnir með lausnir. Það virðast flestir vera sammála um að einhvers konar samgöngubóta sé þörf svo almenningsvagnar komist hraðar á milli staða. Hins vegar virðast menn ekki vera á eitt sáttir um það hvernig það verði gert, með sér afmarkaðri borgarlínu eða sérlausnum þar sem umferðarhnútar myndast. Það sjá flestir sem aka um Reykjavíkurveginn að breyting á umferðarljósum við Flatahraun hafa ekki verið til góðs fyrir umferðarflæði og flestir telja að það megi leysa með alvöru umferðarstýrðum ljósum. Annars staðar þarf að gera sérlausnir fyrir almenningsvagna, auka akrein, framhjáhlaup eða hvað annað sem gera má til að ná fram settu markmiði.

Það skýtur hins vegar skökku við þegar á sama tíma er verið að tala um hraðlest sem jafnvel á að aka frá miðbæ Reykjavíkur, í göngum út að Straumsvík og þaðan á teinum til Keflavíkur. Þó það verkefni eigi að vinna í einkaframkvæmd þá skiptir máli hvort fara eigi í svona gríðarlega dýrar framkvæmdir á sama tíma og ekki er víst að þær styðji hvora aðra.

Nú er stefnt að því að breyta hringtorginu við Lækjargötu/Reykjanesbraut í ljósastryð gatnamót þar sem miklar raðir myndast nokkrum sinnum á dag. Nú er sagt að ljósastryð gatnamót séu jafn hættuleg og hringtorg þó allir hafi verið á eitt sáttir um að hringtorgin hafi verulega dregið úr slysum, þ.e. slysum á fólki. Auðvitað var synd að stjórnmöld í Hafnarfirði hafi hafnað mislögum gatnamótum og stökk á sínum tíma en vonandi finna menn lausnir sem bæði auka flæði og auka umferðaröryggi.

Hins vegar held ég að það þurfi að koma til hugarfarsbreyting, meiri samnýting bíla, sveigjanlegri vinnutími og vilji stjórnvalda til að skapa aðstæður svo auðveldara verði að hjóla til og frá vinnu. Það er erfitt að sjá fyrir sér borgarlínu sem takmarkar aðra kosti svo vel þarf að vanda til.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er www.utfararstofa.is

Fríkirkjan í Hafnarfirði

Sunnudagur 18. febrúar:

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 18. febrúar

Konudagurinn

**Tónlistar-
guðspjónusta kl. 11**

Kvennakór Hafnarfjarðar

syngur undir stjórn Ernu Guðmundsdóttur.

Prestur: Sr. Sigfinnur Þorleifsson.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og fræðand dagskrá.

Hressing í safnaðarsalnum eftir guðspjónustur.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.

Súpa og brauð á eftir.

www.vidistadakirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 18. febrúar

**Konudagsmessa og
sunnudagaskóli kl. 11**

Karalakórinn Prestir syngur.

Stjórnandi er Ástvaldur Traustason.

Súpa á eftir. Allir hjartanlega velkomnir.

**Morgunmessa, TTT, markþjálfun,
barna- og unglingakórar.**

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Álfaskeiði 115 | sími 555 7676

www.bodunarkirkjan.is

Prestur og forstöðumaður:
Steinþór Þórðarson sími 849 9584

Alla laugardaga kl. 11, fram í mars mun Steinþór fjalla um hin stórbrotu efni Opinberunarbókarinnar.

Þessi síðasta bók Biblíunnar er bæði hrifandi og auðskilin.

Allir hjartanlega velkomnir.

Veitingar eftir samkomu.

Á Útvarpi Boðun FM 105,5 er Biblíufræðsla allan sólarhringinn

Glæstur árangur í borðtennis

Sögulegur árangur borðtennisdeildar BH í liðakeppni barna og unglunga um helgina.

Það var hreint ótrúlegur árangur hjá krökkunum í borðtennisdeild Badmintonfélags Hafnarfjarðar á Íslandsmóti barna og unglunga í liðakeppni nú um helgina í KR heimilinu. Borðtennisdeild BH vann fjóra flokka af sex á mótinu, þar af einn flokkinn með KR í flokki meylla 13-15 ára.

Eftirtektarvert var að lið 13 ára og yngri piltar í BH sigraði leikmenn frá BH sem eru á tíunda og tólfra aldersári.

Í flokki telpna 13 ára vorðu Íslandsmeistaratalinn þær Sól og Alexía sem eru nú á 12 aldersári.

Þeir Magnús Gauti Birgisson og Birgir Ívarsson unnu liðakeppni drengja 16-18 ára þriðja árið í röð.

Harriet Cardew vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratalitil í flokki meylla



Ingimar ásamt stúlkum sem unnu til verðlauna. BH-stúlkurnar, Sól og Alexía, eru þær bláklæddu með bikarana.

13-15 ára með vinkonu sinni Lóu Floriansdóttur Zink úr KR. Eru þá ótaldir

þeir BH ingar sem unnu til bronsverðlauna í sínum flokkum.

Fornaður deildarinnar, Ingimar Ingimarsson var afskaplega stoltur af sínu fólki í lok móts.

Segir Ingimar þetta besta árangur BH til þessa í liðakeppni barna og unglunga.

ÍSLANDSMEISTARAR BH

Íslandsmeistarar í liðakeppni piltar, 13 ára og yngri:

Kristófer Júlían Björnsson,
Alexander Ivanov og
Theodór Svarfdal Sveinbjörnsson

Íslandsmeistarar í liðakeppni telpna 13 ára og yngri:

Alexía Kristínardóttir Mixa og
Sól Kristínardóttir Mixa
Íslandsmeistarar í liðakeppni meylla 13-15 ára

Harriet Cardew, BH og Lóa Floriansdóttir Zink, KR

Íslandsmeistarar í liðakeppni drengja 16-18 ára:

Birgir Ívarsson og
Magnús Gauti Úlfarsson
Fleiri myndir og myndbönd má sjá í á www.fjardarfrettir.is




Lögreglumenn

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum eru lausar til umsóknar stöður lögreglumanna með starfsstöð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skipað, sett eða ráðið verður í stöðurnar frá 1. mars 2018.

Lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum er annað stærsta lögregluembætti landsins. Flugstöðvardeild er ein deild innan þess og sinnir löggæslu á langstærsta alþjóðaflugvelli Íslands. Í flugstöðvardeild eru lögreglumenn að fást við margs konar krefjandi verkefni. Það reynir á margs konar hæfni og menn öðlast reynslu sem erfitt er að fá annars staðar innan lögreglunnar. Má þar m.a. nefna samskipti við farþega, áhafnir, flugfélög, annað starfsfólk og erlend lögreglulið. Einnig reynslu varðandi landamæragæslu, umsóknir um alþjóðlega vernd, smygl á fólki, mansal, viðbragðsáætlanir vegna flugverndar, flugslysa o.fl. Flugstöðin er einn stærsti vinnustaður landsins og er óhætt að kalla hann líflegan.

Nánari upplýsingar um störfina á www.starfatorg.is og þar skal umsóknum skilað eigi síðar en 26. febrúar nk.



STYRKIR BÆJARRÁÐS

Bæjarráð veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsroð sveitarfélagsins. Úthlutun styrkja fer fram tvisvar á ári og er nú komið að fyrstu úthlutun ársins í ár. Umsóknarfrestur er til 27. mars 2018.

Umsóknarform á MÍNAR SÍÐUR á hafnarfjordur.is

Umsækjendur verða að tengjast Hafnarfirði með einhverjum hætti. Stofnun, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar geta aðeins sótt um einu sinni á ári og eru viðburðir eða verkefni ekki styrkt eftir á. Nánari upplýsingar á hafnarfjordur.is

Umsóknarfrestur er til 27. mars 2018

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

Söngleikur í Víðistaðaskóla

Nemendur sýna Lísu í Undralandi um helgina



Nemendur í 10. bekk í Víðistaðaskóla vinna nú hörðum höndum að því að setja á svið söngleikinn Lísu í Undralandi. Verkefnið er samstarfsverkefni skólans, nemenda, félagsmiðstöðvarinnar Hraunsins og foreldra. Markmiðið með söngleiknum er að safna í ferðasjóð fyrir útskriftaferðina í vor í Þórsörk.

Allur árgangurinn tekur þátt í þessum viðburði og hver og einn hefur sitt hlutverk svo sem að leika, dansa, sjá um leikmuni, leiksvið og fleira sem fellur til.

Söngleikurinn verður frumsýndur á morgun, föstudag kl. 19.30 í íþróttahúsi Víðistaðaskóla. Sýningar verða svo á laugardag og sunnudag kl. 14 og 17.

Nemendur selja miða í Nettó og í Firði sem kosta 500 kr. fyrir 12 ára og yngri en 1500 kr. fyrir fullorðna (8. bekk og eldri). Þá er hægt er að panta miða á songleikurvido@gmail.com. Einnig verður miðasala í inngangi íþróttahússins alla sýningarhelgina.



S.V.D.K. Hraunprýði



Aðalfundur S.V.D. Hraunprýði verður haldinn í Kletti, Hvaleyrarbraut 32, **23. febrúar kl. 19.30**

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning stjórnar
Skoðun reikninga
Önnur mál.

Léttar veitingar í lok fundar.
Stjórnin.

FH féll úr bikarkeppninni

Haukar áfram og eru á góðri siglingu í deildinni

Karalið FH í handbolta tapaði óvænt gegn Fram með sjö marka mun í átta liða úrslitum bikarkeppni HSÍ, 28-35. FH trónir á toppi úrvalsdeildar eftir óvænt 30-30 marka jafntefli við Fjölni sem vermir botnsæti deildarinnar en Fram er í því þriðja næsta. Óðinn Þór Rikharðsson skoraði helming marka FH og Einar Rafn Eiðsson skoraði 9 mörk. Aðeins 6 leikmenn skoruðu hjá FH.

Haukar, sem eru á góðri siglingu í deildinni, sigruðu Val örugglega í átta liða úrslitum bikarkeppninnar, 28-21. Haukar sigruðu svo Aftureldingu örugglega í 17. umferð úrvalsdeildarinnar og eru nú í 4. sæti með jafnmörg stig og Valur sem á leik til góða við ÍBV. Haukar sækja Selfoss heim á sunnudaginn og FH tekur á móti Val á mánudaginn.

Í SKUGGA SVEINS

í Gaflaraleikhúsinu

Rammíslenskur gamansöngleikur

eftir Karl Ágúst Úlfsson



„Sýningin er dillandi skenmtileg bæði fyrir börn og fullorðna“
S.A TMM

Midi.is

Skilar nær auðu

Meirihlutinn í Hafnarfirði skilar nær auðu í úthlutunum lóða til uppbyggingar íbúða þrátt fyrir gríðarlega þörf!

Við upphaf kjörtímabilsins var nóg af tilbúnum lóðum í Skarðshlíð sem biðu

þess að uppbygging hæfist á þeim. En andvara- og framtaksleysi meirihlutans hefur verið átakanlegt. Hann er búinn að sitja á þessum tilbúnu lóðum of lengi, endalausar breytingar á skipulagi hafa m.a. tafði uppbyggingu í Skarðshlíðinni. Slíkt er óásættanlegt í þeirri stöðu sem nú er uppi eða er ekki markmiðið að draga úr hækkun fasteignaverðs með úthlutun á lóðum til almennings og byggingarverktaka? Það er kannski vilji meirihlutans að stuðla enn að hækkun fasteignaverðs með því að halda að sér höndum þannig að almenningur blæði en fasteignafélög fitni.

Þess má geta að Samtök iðnadarins gáfu nýverið út tölur yfir íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í september síðastliðnum og báru þær saman við tölur frá febrúar í fyrra. Þar kom í ljós að íbúðum í byggingu hafði fjölgað alls staðar, nema í Hafnarfirði. Þar hafði þeim fækkað um nærri þriðjtu prósent.

Reykjavík úthlutaði á síðasta ári lóðum undir fimmfalt fleiri íbúðir en næstu tvö ár á undan eða samanlagt alls 1711 lóðum undir íbúðir. Þá hefur Reykjanesbær úthlutað fleiri lóðum en Kópavogur og Hafnarfjörður samanlagt frá síðustu kosningum þar af 541 lóð í fyrra.

Til samanburðar var úthlutað í fyrra 66 lóðum undir íbúðir hér í Hafnarfirði.

Hafnarfjörður á ólíkt mörgum öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu bæði tilbúna lóðir til úthlutunar sem og talsvert land undir nýjar íbúðir. Eins eru fjölmörg tækifæri til þéttingar og

endurskipulagningar byggðar m.a. á Hrauninum en gengið hefur allt of hægt að vinna að nýju skipulagi á því svæði.

Á meðan eru þéttingarverkefni á blússandi siglingu í nokkrum nágrannasveitarfélögum okkar m.a. í Kópavogi þar sem uppbygging er hröð í kringum Smáralindina bæði sunnan og austan megin við hana.



Friðþjófur Helgi Karlsson

Annað sem veldur áhyggjum er að litlar sem engar áætlanir eru fyrir hendi hjá meirihlutunum í Hafnarfirði varðandi uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði á vegum húsnæðisfélaga.

Til samanburðar er Reykjavík að huga mjög að þessu mikilvæga og brýna hagsmunamáli sérilagi fyrir fjölskyldur með lægri- og millitekjur og ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði. Þar má sjá af tölum að af þeim rétt rúmlega 1700 lóðaúthlutunum sem áttu sér stað í fyrra voru hátt í 1000 úthlutanir til félaga á borð við Félagsstofnun stúdenta, Byggingafélag námsmanna, Samtök aldraðra, Félagsbústaði, Sjómannadagsráð, Brynju hússjóð ÖBÍ og Bjarg húsnæðissjálfsfagnafélag ASÍ og BSRB.

Það er ljóst að betur má ef duga skal hvað þessi mál varðar hér í Hafnarfirði. Þetta mikla hagsmunamál er brýnt og ljóst að hægt hefði verið að gera mun betur á því kjörtímabili sem nú er að liða. Það skyldi þó ekki verða kosningamál í vor að standa betur að þessum málum en gert hefur verið á umliðnum fjórum árum hér í bæ. Því oft var þörf en nú er nauðsyn! Að skila nær auðu í þessum málum er ekki í boði!

Höfundur er varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og á sæti í umhverfis- og framkvæmdaráði.



22. FEBRÚAR
OG 22. MARS
KL. 19

HLAUPASERÍA FH OG BOSE

Skelltu þér í skemmtileg 5 km hlaup
Hlaupaleiðin liggur eftir fallegri strandlengju Hafnarfjarðar.

Skráðu þig á hlaup.is.

BOSE
HLEYPUR MEÐ ÞÉR



SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Óskast

Beta (Betamax) vídeótækni óskast. Upplýsingar í síma 863 7265.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar eru í Hafnarborg. Í aðalsal safnsins er það sýningin **Ultimate/Relative**, innsetning eftir Ráðhildi Ingadóttur. Í Sverrissal verður opnuð sýningin **Minningabrot og leyndir staðir** sýning á völdum myndum úr tveimur ljósmyndaseríum, Fragments of Remembrance og Hidden Places eftir danska ljósmyndarann Astrid Kruse Jensen.

Skyggnilýsing

Í kvöld, fimmtudag kl. 20, verður Sálarrannsóknarfélagið í Hafnarfirði með skyggnilýsingarfund. Í safnaðarheimili Friðkirkjunnar Linnestíg 6. Gestur fundarins er Hrönn Friðriksdóttir spámiðill.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Miðflokkurinn býður fram

Miðflokkurinn býður fram í sveitarstjórnarkosningunum í Hafnarfirði. Þetta var ákveðið á stofnfundi Miðflokksins í Hafnarfirði í síðustu viku. Þar var Sigurður Þ. Ragnarsson kosinn formaður og aðrir í stjórn eru Tómas Ellert Tómasson, Elinbjörg Ingólfssdóttir, Gísli Sveinbergsson og Jónas Henning Óskarsson.

Kallar flokkurinn eftir framboðum en lokafrestur til að skila framboðum er kl. 12 laugardaginn 3. mars nk.



Sigurður Þ. Ragnarsson formaður, Tómas Ellert Tómasson, Elinbjörg Ingólfssdóttir, Gísli Sveinbergsson og Jónas Henning Óskarsson.

Arna Stefanía Norðurlandameistari

Sigraði í 400 m hlaupi í Uppsala í Svíþjóð – Þórdís Eva í 6. sæti

Norðurlandameistaramótið í frjálsum íþróttum fór fram í Uppsala í Svíþjóð um helgina. 11 íslenskir keppendur kepptu á mótinu.

Bestum árangri íslensku keppendanna náði Arna Stefanía Guðmundsdóttir úr FH en hún bar sigur úr býtum í 400 m hlaupi. Hljóp hún á 54,33 sekúndum sem er hennar besti tími á tímabilinu og er það jafnframt þriðji besti tími hennar frá upphafi. Josefin Magnusson frá Svíþjóð hafnaði í 2. sæti á 54,77 sek og Moa Hjelmér frá Svíþjóð í 3. sæti á 54,84 sek. Þórdís Eva Steinsdóttir FH keppti einnig í 400 m hlaupi á mótinu og hljóp hún á 56,10 sek sem er hennar besti tími á tímabilinu og hafnaði hún í 6. sæti en hún varð 18 ára á mánu-daginn. Þá hafnaði Kristinn Torfason úr



Arna Stefanía kemur í mark á bikarmóti í Kaplakrika.

FH í 8. sæti í langstökki er hann stökk 6,93 m sem er töluvert frá hans besta en hann stökk 7,66 m í byrjun mánaðarins sem er besta stökk hans lengi.

Plast í orkutunnuna í mars

Flokkun á plasti gerð auðveldari fyrir íbúa Hafnarfjarðar

Í mars verður tekinn í notkun nýr búnaður í móttöku- og flokkunarstöð SORPU sem mun auðvelda flokkun á plasti til endurvinnslu. Þá verður einfaldlega hægt að setja hreint plast í lokuðum plastpoka í gráu sorptunnuna og SORPA flokkar það svo vélrænt frá öðrum úrgangi og kemur til endurvinnslu. Nýi tækjabúnaðurinn mun meta eðlisþyngd plasticsins og blæs pokum með flokkuðu plasti frá öðrum úrgangi. Ekki mun þurfa neina sérstaka poka undir plastið, að öðru leyti en því að þeir þurfa að vera úr plasti. Íbúar geta því t.d. notað innkaupapoka eða aðra plastpoka sem til falla á heimilum. Markmiðið er að draga úr urðun plastics og nýta betur hráefni í plastinu. Aðalmálið er að halda plastinu sér í lokuðum pokum þannig að vélbúnaðurinn geti unnið sitt verk.



Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi.

HVERS VEGNA AÐ FLOKKA PLAST?

Plast er búið til úr olíu, sem er óendurnýjanleg auðlind og segir Helga Ingólfssdóttir formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar mikilvægt að nýta plastið betur en nú er gert. „Plast brotnar seint eða ekki niður í náttúrunni og getur valdið lífríkinu skaða sleppi það óhindrað út í umhverfið. Abyrgð okkar allra er að umgangast auðlindir jarðar af virðingu



og koma úrgangi í þann farveg að hráefni nýtist á nýjan leik en fari ekki til spillis eða valdi umhverfinu skaða.

Með því að bjóða íbúum að flokka heima næst meiri árangur en markmiðið er að sjálfsögðu í fyrsta lagi að minnka notkun á plasti og síðan að koma öllu plasti sem til fellur í endurvinnslu. Húsasorpsrannsókn Sorpu sýnir að plast er næstum 20% af sorpinu í gráu tunnunni og því til mikils að vinna fyrir okkur að ná plastinu til endurvinnslu með því að setja það í sérstaka poka í tunnuna.“ segir Helga.

Plastflokkun í plastpoka er samstarfsverkefni SORPU og fjögurra sveitarfélaga, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarbæjar. Í aðdraganda verkefnisins tóku íbúar á Seltjarnarnesi þátt í tilraunaverkefni um flokkun á plasti í poka sem setja mátti í sorptunnuna. Starfsmenn SORPU flokkuðu svo plastið frá öðrum úrgangi. Tilraunaverkefnið stóð yfir í rúmt ár og tæplega sjöfaldaðist magn plastics í endurvinnslu frá íbúum á Seltjarnarnesi á þeim tíma. Aðferðin er einföld, hagkvæm, leiðir af sér verulegan umhverfisávinning og hefur aukna þjónustu við íbúa að leiðarljósi. Starfsmenn Sorpu vinna nú að undirbúningi á uppsetningu á tilheyrandi vélbúnaði og gert er ráð fyrir að taka búnaðinn í notkun í byrjun mars. Íbúar Hafnarfjarðar munu fá nánari upp-

lýsingar um hvernig á að flokka plastið síðar í þessum mánuði.

GRENNDARGÁMA-STÖÐVUM FJÖLGAD?

Grenndargámastöðvar eru nú staðsettar á 7 stöðum í Hafnarfirði og segir Helga að í skoðun sé að fjölga þeim. Grenndargámar taka við öllu gleri til endurvinnslu og auk þess pappír og plasti ef heimilistunnur anna ekki magni. Fyrir langflesta er tíðni losunar viðunandi að sögn Helgu en hægt er að fá fleiri tunnur fyrir stór heimili gegn gjaldi eða nýta sér grenndargámanna og móttökustöðvar Sorpu fyrir umfram sorp.



Plasti skal safna í plastpoka.

ÚTSALA

15-50%

afsláttur af
umgjörðum

MJÓDDIN
S: 587 2123

FJÖRÐUR
S: 555 4789

augastaður

Gleraugnaverstunin þín

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

18. feb. kl. 20, Selfoss
Selfoss - Haukar, úrvalsdeild karla

19. feb. kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Valur, úrvalsdeild karla

20. feb. kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Fjölnir, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Selfoss - Haukar: (miðv.dag)
FH - Víkingur: 27-22

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Afturelding: 35-21
Fjölnir - FH: 30-30
Haukar - Valur: 28-21
FH - Fram: 28-35

Körfubolti:

16. feb. kl. 19.15, Njarðvík
Njarðvík - Haukar, úrvalsd. karla

18. feb. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - KR, úrvalsd. karla

21. feb. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Keflavík, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Höttur - Haukar: 69-91

Knattspyrna:

17. feb. kl. 12, Kórinn
Stjarnan - Haukar, bikar karla A-R3

17. feb. kl. 11.30, Fífan
Breiðablik - FH, bikar kvenna A-deild

18. feb. kl. 16, Reykjaneshöllin
FH - Selfoss, bikar karla A-R4

ÚRSLIT KVENNA:

Gróttu - Haukar: frestað
Valur - FH: 4-0
Haukar - ÍA: frestað

ÚRSLIT KARLA:

Fylkir - FH: 2-1
Leiknir R. - Haukar: 1-4



Utanlandsferð!

Suður-England. Spannandi valkostur :)

Nú ætlar Félag eldri borgara að standa fyrir ferð til Suður-Englands. Ferðin verður farin föstudaginn 27. apríl n.k. og komið heim á miðvikudeginum 2. maí.

Ekki missa af þessu.

Nánari upplýsingar og skráningarlisti liggja frammi í Hraunseli, Flatahrauni 3, Hafnarfirði.

Ferðanefndin.

KJÓADALUR BEITARHÓLF

Hafnarfjarðarbær auglýsir laust til umsóknar beitarhólf í Kjóadal fyrir fyrirtæki á svæðinu sem eru í hestaferðamennsku. Greiðsla fyrir allt svæðið er 200 þús. kr á ári.

Verði svæðinu úthlutað til fleiri en eins aðila mun kostnaður skiptast á milli eftir stærð úthlutunar. Gerður verður samningur um notkun hólfsins.

Umsóknir skulu berast á netfangið ishmael@hafnarfjordur.is fyrir 1. mars nk.

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**Viltu selja? Hringdu í 896 6076***„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“***RE/MAX****FJÖRDUR****Frítt söluverðmat
Sanngjörn sölubóknun****Ársæll Steinmóðsson**
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
sími 896 6076 • as@remax.is

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

**Gleði á grunnskólahátíð**

Nemendur sýndu í Gaflaraleikhúsinu og skemmtu sér á dansleik um kvöldið

Grunnskólahátíðin var haldin 7. febrúar sl. en grunnskólararnir og félagsmiðstöðvarnar í Hafnarfirði hafa staðið fyrir þessum hátíðum um langt skeið og ávallt farið vel fram. Um daginn sýndu nemendur afrakstur alls konar listengdrar vinnu í Gaflaraleikhúsinu en um kvöldið var grunnskólaballið sem allir biðu eftir.

Á ballinu skemmtu DJ Ralfs, Wizardmanscligue, JóiPé og

Króli, Sprite Zero Klan, Rjóminn, Ragga Hólm og sigurvegarar úr söngkeppni Hafnarfjarðar þær Rakel Sara Sigþórsdóttir úr Hraunvallaskóla og Unnur Elín Sigursteinsdóttir úr Öldutúnnsskóla.

Gleði skein úr hverju andliti þegar ljósmyndari Fjarðarfrétta leit við um kvöldið. Fleiri myndir má sjá á www.fjardarfrettir.is



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Hafnarfjörður stækkar um 30 km²

Íslenska ríkið stofnaði þjóðlendu sem færð var undir staðarmörk Hafnarfjarðar

Undir staðarmörk Hafnarfjarðar hafa nú bæst tvö misstór landsvæði sem öbygðanefnd úrskurðaði sem þjóðlendu 2006 og Hæstiréttur staðfesti 2009. Árið 2014 úrskurðaði öbygðanefnd að landsvæðið væri innan staðarmarka Hafnarfjarðar og staðfesti Hæstiréttur það með dómi 16. nóvember 2017.

Annað svæðið er skógræktarsvæði og afmarkast við Markrakagil í Undirhlíðum, skammt austan Vatnsskarðsnámunnar, að Hæstaholti í Dauðadölum sem hafa verið landamerki Hafnarfjarðar og Grindavíkur og að punkti rétt sunnan Bláfjallavegar þar sem hann liggur syðst. Alls er þetta svæði 4,1 km².

Hitt svæðið er 26 km² og afmarkast af áðurnefndum punkti við Bláfjallaveg, að landamerki á Húsfelli í norðri og þaðan í Prihnyjúka og áfram að Bláfjallahorni og þaðan í vestur að Stóra-Kóngsfelli og þaðan í punkt í N-A þar sem landamerki Grindavíkur

mætast. Þaðan liggja mörkin að punktinum við Bláfjallaveg. Þetta svæði var áður afreittur Álfanesshrepps hins forna.

Til gamans má geta að hluti af gönguskíðasvæðinu í Bláfjöllum verður innan marka Hafnarfjarðar ásamt

hluta af Strompunum en mörkin liggja við Bláfjallahorn.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar hefur orðið við beiðni forsætisráðuneytisins um stofnun fasteignar (þjóðlendu) og leggur til við bæjarstjórn


að hún feli umhverfis- og skipulagsþjónustu að annast stofnun þjóðlendu en skilgreinir aðeins minna svæðið og svo virðist sem handvömm hafi orðið í afgreiðslu ráðsins eða fundarritun því erindi ráðuneytisins voru tvö, eitt um hvort svæði en þjóðlendan er ein.

**MISRÆMI Í
LANDAMERKJUM**

Það vekur athygli að landamerkin við Bláfjallahorn eru ekki á sama stað og fyrri landamerki Garðabæjar, Kópavogs og Sveitarfélagsins Ölfuss og munar þar 485 m sem er nálægt því að vera skekkjumörkin sem gefin eru upp á hnitunum á landspildublaði en texti er sagður ráða umfram hnit.

Landamerkjavarða er þarna, hátt í 500 m frá því hnit sem gefið er upp fyrir Bláfjallahorn.

Þarna munar um einum ferkílómetra á stærð svæðisins eftir því hvor punkturinn er notaður.



Grunnkerfi frá gjarnap.is

Þjóðlendan sem er nú hluti af Hafnarfirði, þrihyrningurinn vinstra megin er skógræktarsvæðið sem tilheyrði Grindavík og afreittur Álfanesshrepps hins forna er stóra svæðið hægra megin og afmarkast svæðin af hvítu línunum.